

# Líffræði 9. bekkur

---

Kennarar: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

9

## Lýsing

Í þessari lotu verður farið í líffræði. Fjallað verður um ljóstillifun og bruna, vistfræði, umhverfismál, erfðafræði og þróun.

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, kannanir, verklegar æfingar, vettvangsferðir, fræðslumyndir, efniskönnun, heimildarvinna og umræður.

## Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin verður verkefnavinna og skýrslugerð, auk þess sem ástundun, viðleitni í tímum, verkefni, fyrirlestrar, ritgerð, skýrslur og kannanir verða metnar.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

\* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 9. bekk - Lífsskilyrði manna

- Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillifun og bruna og gildi þeirra.
- Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillifun og bruna og gildi þeirra.

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 9. bekk - Náttúra Íslands

- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.
- Útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika.
- Þekki og geti útskýrt einföld dæmi um það hvernig eiginleikar erfast milli kynslóða.
- Útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.
- Þekki helstu hugtök erfðafræðinnar eins og litningur, gen og DNA.

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 9. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglíngastigsins.

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 9. bekk - Vinnubrögð og færni

- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.

### VS Náttúrugreinar viðfangsefni fyrir 9. bekk - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því.



Maður og náttúra

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/madurognattura/>)



Heimir - handbók um heimildaritun

(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/heimirapa/>)